



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

KJARA- OG ÞJÓNUSTUKÖNNUN  
STARFSMANNAFÉLAGS  
REYKJAVÍKURBORGAR  
2007

---

Dr. Ragna Benedikta Garðarsdóttir  
Guðlaug J. Sturludóttir  
Unnur Diljá Teitsdóttir  
Dr. Friðrik H. Jónsson  
Maí 2007

## FORMÁLI

Í ársbyrjun 2006 hóf stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar vinnu að nýrri stefnumótun fyrir félagið. Af því tilefni var ákveðið að gera könnun meðal félagsmanna til að leita áhlits þeirra á ýmsum þáttum varðandi starfsemi félagsins. Stjórnin skipaði svo starfshóp á haustdögum sama ár og vann hann að undirbúningi þjónustu- og kjarakönnunar. Hópurinn setti niður markmið með könnuninni og leitaði tilboða. Félaginu bárust tilboð frá Capacent og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og var tilboði Félagsvísindastofnunar tekið. Spurningalisti var síðan unninn af starfshópi í samráði við Félagsvísindastofnun.

Markmið könnunarinnar var þrjúþætt. Í fyrsta lagi að kanna viðhorf félagsmanna til félagsins og þjónustu þess. Í öðru lagi að kanna kjör starfsmanna, samsetningu launa og kynbundinn launamun. Í þriðja og síðasta lagi var ætlunin að kanna viðhorf félagsmanna til ýmissa þátta í kjarasamningi s.s. starfsmats, símenntunar og hæfnislauna.

Starfsmannafélagið leitar sífellt leiða til að veita félagsmönnum sem besta þjónustu og leggur metnað í að vera í góðum tengslum við þá. Því voru vonir bundnar við að þjónustuþáttur könnunarinnar nýtist félaginu til frekari þróunar á þjónustu við félagsmenn.

Niðurstöður úr kjarahluta könnunarinnar munu vafalaust verða mikilvægur þáttur í undirbúningi félagsins fyrir næstu kjarasamninga. Í starfshópnum var mikill áhugi á að kanna hvort kynbundinn launamunur væri til staðar og þá hver hann væri. Á síðastliðnum árum hefur félagið í samstarfi við Reykjavíkurborg og fleiri stéttarfélög, sem semja við borgina, lagt mikla vinnu í samræmt starfsmatskerfi. Markmið með starfsmati er að meta störf með einu heilstæðu matskerfi og greiða jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf. Þessi þáttur í könnuninni ætti því að gefa félaginu glöggva mynd af því hvernig til hefur tekist.

Áhugi var einnig á því að kanna þætti sem eru lítt skilgreindir í kjarasamningum, s.s. hæfnislaun og símenntun, í þeim tilgangi að leita svara við þeirri spurningu hvort að skerpa þurfi enn frekar á þessum atriðum við gerð næstu kjarasamninga.

Starfshópurinn og stjórn Starfsmannafélagsins færir félagsmönnum innilegar þakkir fyrir þátttöku sína í könnuninni. Niðurstöður verða mikilvægt leiðarljós fyrir starf félagsins á næstu árum og munu nýtast félaginu og félagsmönnum í áframhaldandi vinnu að bættum kjörum og betri þjónustu. Jafnframt þakkar starfshópurinn og stjórnin ánægjulegt samstarf við Félagsvísindastofnunina.

*Jakobína Þórðardóttir, formaður starfshóps,  
varaformaður og fræðslu- og upplýsingafulltrúi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar*

*Guðríður Sigurbjörnsdóttir,  
verkefnastjóri Borgarbókasafni Reykjavíkur*

*Hallgerður Inga Gestsdóttir,  
sérfræðingur á tölfraeði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs Reykjavíkur*

*Ragnhildur Helgadóttir,  
jafnréttisráðgjafi ÍTR*

## EFNISYFIRLIT

<b>Aðferð og Markmið.....</b>	<b>8</b>
Frankvæmd.....	8
Markmið.....	8
Heimtur .....	8
Úrvinnsla launaupplýsinga.....	8
Flokkun starfsstétta.....	9
Flokkun starfsvettvangs .....	10
Leiðréttur kynbundinn launamunur .....	10
Aðrar niðurstöður .....	13
<b>Niðurstöður.....</b>	<b>14</b>
1. Bakgrunnsupplýsingar um svarendur.....	17
2. Laun og greiðslur .....	20
3. Kynbundinn launamunur .....	38
Leiðréttur kynbundinn launamunur .....	59
Væntingar til launa .....	64
Samantekt helstu niðurstaðna.....	72
4. Viðhorfskönnun .....	73
Viðhorf til launa .....	73
Símenntun og starfsþróun .....	79
Launakjör og samsetning launa.....	83
Þjónusta starfsmannafélags og starfsánægja.....	87
Samantekt helstu niðurstaðna úr viðhorfskönnun .....	100
<b>Heimildir.....</b>	<b>102</b>
<b>Viðauki 1. Starfsvettvangur .....</b>	<b>103</b>
<b>Viðauki 2. Þjónusta St.Rvk. ....</b>	<b>104</b>
<b>Viðauki 3. Kynningarbréf .....</b>	<b>105</b>
<b>Viðauki 4. Spurningalisti.....</b>	<b>107</b>
<b>Viðauki 5. Kynbundinn launamunur hjá starfsfólki Reykjavíkurborgar.....</b>	<b>119</b>

## TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1.	Hlutfall karla og kvenna eftir aldri	17
Tafla 2.	Hlutfall karla og kvenna eftir menntun svarenda	17
Tafla 3.	Hlutfall karla og kvenna eftir starfi	18
Tafla 4.	Hlutfall karla og kvenna eftir starfsaldri	18
Tafla 5.	Hlutfall karla og kvenna eftir flokkuðum starfsvettvangi	19
Tafla 6.	Hlutfall karla og kvenna eftir starfshlutfalli	19
Tafla 7.	Heildarlaun - svarendur í fullu starfi	20
Tafla 8.	Heildarlaun - allir svarendur	21
Tafla 9.	Dagvinnulaun - svarendur í fullu starfi	22
Tafla 10.	Dagvinnulaun - allir svarendur	23
Tafla 11.	Föst yfirvinnulaun - svarendur í fullu starfi	24
Tafla 12.	Föst yfirvinnulaun - allir svarendur	25
Tafla 13.	Breytileg yfirvinnulaun - svarendur í fullu starfi	26
Tafla 14.	Breytileg yfirvinnulaun - allir svarendur	27
Tafla 15.	Akstursgreiðslur - svarendur í fullu starfi	28
Tafla 16.	Akstursgreiðslur - allir svarendur	29
Tafla 17.	Yfirvinna vegna kaffitíma - svarendur í fullu starfi	30
Tafla 18.	Yfirvinna vegna kaffitíma - allir svarendur	31
Tafla 19.	Vaktaálag – svarendur í fullu starfi	32
Tafla 20.	Vaktaálag - allir svarendur	33
Tafla 21.	Fæðisfé - svarendur í fullu starfi	34
Tafla 22.	Fæðisfé - allir svarendur	35
Tafla 23.	Aðrar greiðslur - svarendur í fullu starfi	36
Tafla 24.	Aðrar greiðslur - allir svarendur	37
Tafla 25.	Hlutfallsleg samsetning meðalheildarlauna karla og kvenna	40
Tafla 26.	Meðaltöl og staðalfrávik yfir lengd vinnuviku karla og kvenna og meðalfjöldi yfirvinnustunda, unninna og óunninna	40
Tafla 27.	Heildarlaun flokkuð eftir kyni - svarendur í fullu starfi	41
Tafla 28.	Heildarlaun flokkuð eftir kyni - allir svarendur	42
Tafla 29.	Dagvinnulaun flokkuð eftir kyni - svarendur í fullu starfi	43
Tafla 30.	Dagvinnulaun flokkuð eftir kyni - allir svarendur	44
Tafla 31.	Föst yfirvinnulaun flokkuð eftir kyni - svarendur í fullu starfi	45
Tafla 32.	Föst yfirvinnulaun flokkuð eftir kyni - allir svarendur	46
Tafla 33.	Breytileg yfirvinnulaun flokkuð eftir kyni - svarendur í fullu starfi	47
Tafla 34.	Breytileg yfirvinnulaun flokkuð eftir kyni - allir svarendur	48
Tafla 35.	Akstursgreiðslur flokkaðar eftir kyni - svarendur í fullu starfi	49
Tafla 36.	Akstursgreiðslur flokkaðar eftir kyni - allir svarendur	50

Tafla 37.	Yfirvinna vegna kaffitíma flokkuð eftir kyni - svarendur í fullu starfi	51
Tafla 38.	Yfirvinna vegna kaffitíma flokkuð eftir kyni - allir svarendur	52
Tafla 39.	Vaktaálag flokkað eftir kyni - svarendur í fullu starfi	53
Tafla 40.	Vaktaálag flokkað eftir kyni - allir svarendur	54
Tafla 41.	Fæðisfé flokkað eftir kyni - svarendur í fullu starfi	55
Tafla 42.	Fæðisfé flokkað eftir kyni - allir svarendur	56
Tafla 43.	Aðrar greiðslur flokkaðar eftir kyni - svarendur í fullu starfi	57
Tafla 44.	Aðrar greiðslur flokkaðar eftir kyni - allir svarendur	58
Tafla 45.	Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, starfs, menntunar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma um heildarlaun (log) fólks í fullu starfi	61
Tafla 46.	Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, starfs, menntunar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma um dagvinnulaun (log) fólks í fullu starfi	63
Tafla 47.	Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, starfs, menntunar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma um óskalaun (log) fólks í fullu starfi	65
Tafla 48.	Óskalaun - allir svarendur	67
Tafla 49.	Óskalaun - svarendur í fullu starfi	68
Tafla 50.	Óskalaun flokkuð eftir kyni - svarendur í fullu starfi	69
Tafla 51.	Óskalaun flokkuð eftir kyni - allir svarendur	70
Tafla 52.	Óskalaun og dagvinnulaun, svarendur í fullu starfi	71
Tafla 53.	Hversu sanngjarnt eða ósanngjarnt finnst þér starfsmatið vera sem aðferð til þess að ákvarða laun?	73
Tafla 54.	Hafði starfsmat áhrif á laun þín til hækkunar?	74
Tafla 55.	Færð þú hæfnislaunaflokka?	75
Tafla 56.	Hversu sanngjarnt eða ósanngjarnt finnst þér núverandi hæfnislaunakerfi vera til þess að meta hæfni starfsfólks til launa?	76
Tafla 57.	Hefur þú farið í starfsmannasamtal á síðustu 18 mánuðum?	77
Tafla 58.	Hversu gagnleg eða gagnlítill telur þú starfsmannasamtöl vera?	78
Tafla 59.	Er virk símenntunar- eða fræðsluáætlun á þínum vinnustað?	79
Tafla 60.	Veitir vinnustaður þinn þér möguleika á að sækja símenntun í tengslum við starf þitt á vinnutíma?	80
Tafla 61.	Ef þú sækir eða hefur sótt símenntun utan vinnutíma, færðu þann tíma greiddan?	81
Tafla 62.	Hefur þú nýtt þér tækifæri til símenntunar síðustu 12 mánuðina?	82
Tafla 63.	Eru launakjör betri, svipuð eða verri en á sambærilegum vinnustöðum?	83
Tafla 64.	Eru lífskjör betri, svipuð eða verri en fyrir 12 mánuðum síðan?	84

Tafla 65.	Hafa orðið breytingar á samsetningu launa þinna á síðastliðnu ári?	85
Tafla 66.	Hafa breytingar orðið til hins verra eða betra?	86
Tafla 67.	Hefur þú leitað eftir þjónustu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar?	87
Tafla 68.	Vegna hvers leitaðir þú síðast til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar?	88
Tafla 69.	Með hvaða hætti leitaðir þú síðast til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar?	89
Tafla 70.	Fékkst þú svör við því sem þú spurðir um eða lausn á þínum málum?	90
Tafla 71.	Veist þú hver eru helstu verkefni Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar?	91
Tafla 72.	Hversu oft eða sjaldan skoðar þú heimasíðu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar?	92
Tafla 73.	Lest þú fréttabréf Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar?	93
Tafla 74.	Lestu það að jafnaði allt, að hluta til eða flettir þú lauslega blaðinu?	94
Tafla 75.	Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú í þínu starfi?	95
Tafla 76.	Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með starfsemi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar?	96
Tafla 77.	Þegar á heildina er litið hafa félagsmenn jákvæða afstöðu til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar?	97
Tafla 78.	Þegar Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar ber á góma er sú umræða yfirleitt vinsamleg?	98
Tafla 79.	Þegar á heildina er litið er Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar talið vera traust?	99
Tafla 80.	Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, starfs, menntunar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma um heildarlaun (log) fólks í fullu starfi hjá Reykjavíkurborg.	119
Tafla 81.	Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, starfs, menntunar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma um dagvinnulaun (log) fólks í fullu starfi hjá Reykjavíkurborg.	120

## MYNDAYFIRLIT

Mynd 1.	Meðaldagvinnulaun og meðalheildarlaun allra karla og kvenna óháð starfshlutfalli	38
Mynd 2.	Meðaldagvinnulaun og meðalheildarlaun karla og kvenna í fullu starfi	39
Mynd 3.	Samsetning meðalheildarlauna allra karla og kvenna óháð starfshlutfalli	39
Mynd 4.	Víxlhrif menntunar og kyns á heildartekjur fólks í fullu starfi	62
Mynd 5.	Samanburður á óskalaunum og raunverulegum dagvinnulaunum karla og kvenna í fullu starfi	64

## **AÐFERÐ OG MARKMIÐ**

### ***Framkvæmd:***

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði kjarakönnun fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2. febrúar til 9. mars 2007. Könnunin var símakönnun, en bréf var sent til þeirra félagsmanna sem lentu í úrtaki í lok janúar þar sem könnunin var kynnt (Viðauki 3).

Félagsmenn voru beðnir um að gefa upplýsingar af launaseðli dagsettum þann 1. febrúar (janúarlaun). Jafnframt var kannað hversu sáttir félagsmenn voru með kjör sín og launafyrirkomulag og hversu ánægðir þeir voru með störf og þjónustu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Loks voru svarendur beðnir um að gefa upplýsingar um sjálfa sig og tilhögun starfs síns.

### ***Markmið:***

Meginmarkmið könnunarinnar eru þrjú. Í fyrsta lagi að kanna dreifingu launa félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkur. Í öðru lagi að kanna hvort kynbundinn launamunur er meðal félagsmanna, miðað við laun þann 1. febrúar, 2007. Í þriðja og síðasta lagi er könnunin almenn viðhorfa- og þjónustukönnun fyrir starfsmannafélagið til að nýta í vinnu sinni og stefnumótun.

### ***Heimtur:***

Könnunin náði til 1.500 manna úrtaks félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Þar af teljast 183 til brottfalls af ýmsum ástæðum; ekki náðist í 144 félagsmenn vegna þess að símanúmer þeirra var lokað, ótengt eða fannst ekki. Tuttugu og tveir voru ýmist á sjúkrahúsi, látir eða töluðu ekki íslensku og 17 að auki voru hættir störfum eða voru tímabundið frá störfum svo sem vegna fæðingarorlofs. Nettóúrtak er því 1.317 manns og þar af gáfu 835 svör við könnuninni. Nettósvörun er því 63,4% sem telst mjög gott svarhlutfall í könnun sem þessari.

### ***Úrvinnsla launaupplýsinga:***

Svarendur voru beðnir að gefa upp heildargreiðslur fyrir aðalstarf sitt fyrir skatt í febrúar 2007. Heildargreiðslur voru svo sundurliðaðar í föst dagvinnulaun, föst yfirvinnulaun, breytileg yfirvinnulaun, vaktaálag, fæðisfé, akstursgreiðslur og aðrar



greiðslur<sup>1</sup>. Við úrvinnslu var aðallega notast við upplýsingar um grunnlaun og heildargreiðslur (grunnlaun + aðrar greiðslur). Greiðslur aðrar en grunnlaun eru af misjöfnu tagi eftir starfsfólki. Flestir hafa einhver yfirvinnulaun, föst og/eða breytileg.

Starfsfólk sem ekki var í föstu starfshlutfalli var beðið að nefna þann taxa sem það starfar á svo og fjölda stunda sem það fékk borgað fyrir. Aðeins 4 svarendur voru ekki í föstu starfshlutfalli. Heildarlaun þeirra verða tekin með í útreikninga á heildarlaunum, en ekki greind nánar sökum þess hve fáir falla í þennan flokk.

### ***Flokkun starfsstétta:***

Fyrir launatöflur var notast við hefðbundið starfaflokkunarkerfi Hagstofunnar: ÍSTARF-95. Í greiningu á kynbundnum launamun var hins vegar notast við starfsmatskefið SAMSTARF, sem lýst er betur hér að neðan. ÍSTARF-95 flokkar byggjast á starfaflokkun Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar (ILO). Grunnforsendur eru þær að störf eru flokkuð bæði með tilliti til eðlis starfsins sjálfs og krafna um kunnáttu. Störf með lík viðfangsefni og skyldur eru flokkuð saman í starfsstétt. Enn fremur er tekið tillit til þess hve sérhæft starfið er (sjá nánar í Íslensk starfaflokkun, ÍSTARF-95, 1994). Í launatöflum var notuð grófasta flokkun ÍSTARF-95. Eftirfarandi starfaflokkar voru notaðir: 1) Stjórnendur; 2) sérfræðingar; 3) sérmenntað starfsfólk og tæknar; 4) skrifstofufólk; 5) fólk í þjónustustörfum, 6) iðnaðarmenn, 7) véla- og vélgæslufólk; og 8) ósérhæft starfsfólk. Aðeins 4 iðnaðarmenn tóku þátt í könnuninni og því er ekki alltaf hægt að birta laun þeirra vegna hættu á að gögnin verði persónugreinanleg.

Sem dæmi um flokkun starfa hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar teljast forstöðumenn, skrifstofu- og þjónustustjórar til stjórnenda; fræðslu- og deildarstjórar til sérfræðinga; stuðningsfulltrúar, íþróttá- og tómstundaráðgjafar og tölvutæknar eru í flokknum sérmenntað starfsfólk. Fulltrúi og ritari eru algengustu starfsheitin meðal skrifstofufólks og starfsfólk í mötuneytum telst til fólks í þjónustustörfum. Bilstjórar teljast til vélgæslumanna og rafiðnaðarmenn til iðnaðarmanna. Fólk í ræstingarstörfum, stöðuverðir og mælaálesarar teljast til ósérhæfðs starfsfólks.

---

<sup>1</sup> Með öðrum greiðslum er átt við ýmis hlunnindi, dagpeninga o.fl. í aðalstarfi

### ***Flokkun starfsvettvangs:***

Viðauki 1 sýnir hvernig svarendur könnunarinnar skiptast niður eftir vinnuveitendum eða starfsvettvangi. Vinnuveitendur voru 28 talsins og á mörgum stöðum voru mjög fáir svarendur. Til einföldunar og til að koma í veg fyrir að hægt sé að rekja upplýsingar til einstaklinga mun starfsvettvangur vera flokkaður niður í færri flokka í launagreiningu sem hér segir:

- Starfsfólk leikskólanna Hvarfs og Skerjagarðs og starfsfólk Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar er sameinað Menntasviði Reykjavíkurborgar undir heitinu *Mennta- og leikskólasvið*.
- Menningar- og ferðamálasvið, Íþrótt- og tómstundasvið og starfsfólk Reykjavíkurborgar sem ekki gaf upp á hvaða sviði það starfar er sameinað í einn flokk undir heitinu *Menning, íþróttir og tómstundir*.
- Fámenn svið Reykjavíkurborgar; Stjórnsýsla og starfsmannasvið, Fjármálasvið, Þjónustu- og rekstrarsvið og skrifstofa borgarstjóra verða sameinuð í einn flokk undir heitinu *Stjórnsýsla, rekstur, fjármál og borgarstjórnarskrifstofa*.
- Framkvæmdasvið, Umhverfissvið og Skipulags- og byggingasvið eru sameinuð undir heitinu *Framkvæmd, umhverfi og skipulag*.
- Starfsfólk Félagsstofnunar stúdenta, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, BHM, Faxaflóahafna, Innheimtustofnunar sveitarfélaga, Félagsbústaða hf., ásamt starfsfólki einkafyrirtækjanna Vélamiðstöð, IBBOT og Skýrr hf. eru sameinuð í einn flokk undir heitinu *Ýmsir smærri vinnustaðir*.

### ***Leiðréttur kynbundinn launamunur:***

*Aðhvarfsgreining.* Til að reikna svokallaðan leiðréttan kynbundinn launamun var notuð línuleg aðhvarfsgreining (*linear regression analysis*) þar sem leiðrétt var fyrir áhrif fimm þátta á laun (aldur, starfsaldur, starfsstétt, menntun, vinnutími).

Með aðhvarfsgreiningu er hægt að svara spurningum um samspil áhrifaþátta á laun, til dæmis hve mikil áhrif kyn hefur á laun fólks þegar búið er að taka tillit til þátta eins og starfs og yfirvinnutíma. Tilgangurinn er að spá fyrir um hver kynbundinn launamunur væri ef karlar og konur væru í sambærilegum störfum, með samsvarandi menntun, vinnutíma og á sambærilegum aldri. Auk þess voru víxláhrif (*interaction*) kyns við menntun og starfsstétt athuguð, það er kannað var hvort starfsstétt og menntun hefðu sömu áhrif á laun karla og kvenna. Til að meta víxláhrif var menntun

og starfsmatskvarða umbreytt á miðju jafnaðan (*mean centered*) kvarða eins og nauðsyn krefur í aðhvarfsgreiningu (Tabachnik og Fidell, 1996). Í greiningu á samspili áhrifaþátta á laun voru eingöngu notaðar upplýsingar um fólk í fullu starfi.

Tilgangur línulegrar aðhvarfsgreiningar er að athuga hvort tiltekna skýribreytur (X) hafi áhrif á fylgibreytu (Y), sem í þessari rannsókn voru tvennskonar launabreytur, og hvaða áhrif þær hafi. Til dæmis væri hægt að spyrja hvort og hvaða áhrif vinnutími félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hefur á laun þeirra, að teknu tilliti til kyns, menntunar, starfsstéttar og aldurs.

*Starfsstétt.* Í eldri íslenskum rannsóknum á leiðréttum kynbundnum launamun (t.d. Capacent, 2006; Kristjana S. Blöndal og Ævar Þórólfsson, 2001) er notast við ÍSTARF-95 flokka í aðhvarfsgreiningu til að leiðrétta fyrir áhrif starfs, þar sem það er oft eina staðlaða starfaflokkunarkerfið sem er fyrir hendi. ÍSTARF-95 flokkarnir eru nafnbreytur og ekki hentugir til nota í aðhvarfsgreiningu. Þess vegna hafa hingað til verið búnar til svokallaðar vísibreytur til að bera saman hvern starfaflokk við þann sem kemur næst á eftir í flokkunarkerfinu, og þar með líkja eftir línulegri breytu sem auðveldar túlkun. Sá hængur er á þessari flokkun að innan flokka getur verið mikil dreifing á ábyrgð, menntun og launum. Þar utan hefur oftast ekki þurft að sameina flokka sökum þess hve fáir svarendur falla í suma flokka (sjá t.d. Capacent, 2006) og verður þá flokkunin jafnvel grófari en ella.

Þeim mun finna flokkunarkerfi sem hægt er að notast við til að meta umfang starfs, því betur er hægt leiðrétta fyrir áhrif starfs á laun þegar leiðréttur kynbundinn launamunur er reiknaður. Í þessari rannsókn er notast við starfsmatskerfið SAMSTARF til að meta áhrif starfs á laun. Starfsmatskerfið er ólíkt ÍSTARF-95 flokkuninni að því leyti að það er ekki nafnbreyta (þ.e. hér er ekki um grófa flokka að ræða) öllu heldur eru stig metin á jafnbilakvarða þar sem minnst er hægt að fá 250 stig en mest 1000. Kerfið er línulegt að því leyti að starf sem fær 300 stig er umfangsmeira (krefst meiri ábyrgðar, þekkingar og reynslu, álags eða verri vinnuáðstæðna) en starf sem fær 250 stig, og svo koll af kolli. Þetta kerfi hentar því mjög vel til aðhvarfsgreiningar eins og þeirrar sem hér er beitt. Með því að leiðrétta fyrir áhrif starfs með þessu starfsmatskerfi er hægt að meta kynbundinn launamun á mun nákvæmari hátt en áður hefur verið gert í sambærilegum rannsóknum á Íslandi.

Starfsmatskerfið er til þess gert að meta þær kröfur sem starfið gerir til starfsmanns, en ekki hæfni eða frammistöðu starfsmannsins. Á vef Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (<http://www.strv.bsrb.is/starfsmat/>) er að finna eftirfarandi lýsingu á þessu kerfi:

“Í kjarasamningi við Reykjavíkurborg frá janúar 2001 var samið um að nota eitt þróað starfsmatskerfi og meta öll störf á vegum Reykjavíkurborgar á sambærilegan hátt af einum samræmingaraðila. Með þessu á að leiðrétta launamun til starfslauna á grundvelli matskerfisins í áföngum og hlúa þannig sérstaklega að þeim störfum sem einungis er sinnt í almannajónustu sveitarfélaga. ... Starfsmatið SAMSTARF byggir á þeim reglum sem ILO setur um gerð starfsmatskerfa og metur umfang starfs eftir fjórum yfirþáttum þ.e. þekking og færni, álag og kröfur, ábyrgð og starfsskilyrði. Yfirþættir matsins greinast svo í 13 undirþætti sem áfram eru greindir niður í smærri einingar.”

Tengsl starfsmatskerfisins og launa eru sveiglínuleg. Það er að segja að laun hækka hlutfallslega minna fyrir hærri stig en fyrir þau lægri, samkvæmt kjarasamningum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Í lið 1.3.1.4 kveður á um að starfslaun skuli ákveðin „samkvæmt eftirfarandi tengireglu á milli starfsmatsstiga og launaflokka:

Starfslaun =  $78 + 0,154 * (\text{matsstig; matsstig til og með } 399)$

Starfslaun =  $82 + 0,147 * (\text{matsstig; matsstig frá og með } 400)$ “

(Kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar 2005-2008, bls. 16).

Þetta þýðir að starfslaun fólks með 399 starfsmatsstig eða færri fá hlutfallslega meiri hækkun fyrir hvert skref en þeir sem eru með 400 starfsmatsstig eða fleiri. Til þess að leiðrétta þennan halla var kvarðanum umbreytt með því að setja hann í annað veldi. Sú breyta, ásamt óbreyttri starfsmatsbreytu, er notuð í aðhvarfsgreiningu.

Starfsmat liggur fyrir fyrir flest starfsheiti innan Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, en þó ekki öll. Þar sem starfsmatsstig vantaði var sambærilegt starfsheiti fundið og þess stig gefið. Nokkur dreifni getur verið á starfsmati innan starfsheita, en þó aldrei jafn mikil og er að finna innan ÍSTARF-95 flokka. Til dæmis hafa ritarar stig frá u.þ.b. 300 til um 370, allt eftir því hvar þeir starfa og eftir umfangi starfs. Þar sem fleiri en eitt starfsmatsstig var fyrir hvert starfsheiti var meðaltal þeirra fundið og starfsheiti gefið það meðaltal.

*Aldur.* Í aðhvarfsgreiningu var raunaldur svarenda í árum notaður en í launatöflum var hann flokkaður í sex hópa. Í aðhvarfsgreiningu var jafnframt leiðrétt fyrir aldur í öðru veldi, til þess að jafna áhrif sveiglínudreifingu aldurs.

*Vinnutími.* Áhrif vinnutíma á laun voru greind út frá heildarfjölda unninna yfirvinnustunda í janúarmánuði svo og meðallengd vinnuviku í janúar 2007.

*Menntun.* Menntun var flokkuð í sex flokka. 1) grunnskólanám eða minna, 2) starfsnám (s.s. sjúkraliðapróf, meirapróf), 3) verklegt framhaldsskólanám / iðnnám (þar undir flokkast sveins- eða meistarapróf), 4) bóklegt framhaldsskólanám (stúdents- og verslunarskólapróf), 5) grunnám á háskólastigi (BA/BS próf eða minna) og 6) framhaldsnám á háskólastigi (MA/MS próf eða doktorspróf).

Í niðurstöðum eru upplýsingar um laun gefnar í krónutölum nema í aðhvarfsgreiningu þar sem launum var umbreytt á lógariþmískan kvarða. Lógariþmískur kvarði gefur upplýsingar um hlutfallslegan mun launa sem hentar þessari greiningu vel þar sem gera má ráð fyrir að þótt munur á launum karla og kvenna aukist í krónum talið eftir því sem laun þeirra eru hærri, þá sé hlutfallslegur launamunur svipaður. Önnur ástæða fyrir þessari umbreytingu á launaupplýsingum er sú að laun voru ekki normaldreifð, heldur jákvætt skekkt, en normaldreifing fylgibreytu er ein af forsendum aðhvarfsgreiningar (sjá má útlistun á þessu í Tabachnick og Fidell, 1996). Aðferðafræðilegar rannsóknir hafa leitt í ljós að aðhvarfsgreining hentar til greiningar á áhrifaþáttum á laun eins og hér er gert (sjá til dæmis umfjöllun Balzer o.fl., 1996).

#### ***Aðrar niðurstöður:***

Niðurstöður fyrir viðhorfa- og þjónustuhluta könnunarinnar eru settar fram í myndum og töflum. Misjafnt er hve mörg svör eru á bak við einstaka töflur þar sem sumir luku ekki við spurningalistann og enn aðrir slepptu einstaka spurningum.

Marktektarprófin *t*-próf og dreifigreining (ANOVA) voru notuð til þess að greina hvort tölfræðilega marktækur munur væri á meðaltölum mismunandi hópa en *ki*-kvaðrat var notað þegar um hlutföll var að ræða.

## NIÐURSTÖÐUR

Umfjöllun um niðurstöður skiptist í 4 kafla. *Fyrsti kafli* greinir frá hvernig svarendur skiptast eftir hinum ýmsu bakgrunnspáttum; starfsstétt, starfsvettvangi, menntun, aldri, starfsaldri og kyni. Í *öðrum kafla* eru kynntar niðurstöður um dreifingu allra greiðslna til félagsmanna eftir þessum bakgrunnspáttum, annars vegar fyrir allt starfsfólk og hins vegar fyrir fólk í fullu starfi. Þessar niðurstöður eru eingöngu settar fram í launatöflum. *Þriðji kafli* fjallar um kynbundinn launamun. Þar eru niðurstöður settar fram á þrennan hátt. Í fyrsta lagi eru laun karla og kvenna sett fram í töflum, skipt eftir bakgrunnspáttum og hlutfallsmunur á launum karla og kvenna, innan hvers hóps reiknaður. Í öðru lagi eru myndir og töflur sem sýna mismunandi samsetningu launa karla og kvenna. Í síðasta lagi eru niðurstöður aðhvarfsgreiningar settar fram í töflum og texta. Í *fjórða kafla* eru birtar niðurstöður úr viðhorfahluta könnunarinnar. Þar eru niðurstöður settar fram í töflum og texta.

### Hvernig á að lesa úr niðurstöðum?

**Launatöflur** sýna meðaltöl, fjölda svara, staðalfrávik, neðri fjórðungsmörk (25%), miðgildi og efri fjórðungsmörk (75%) skipt niður eftir bakgrunnspáttunum kyni, aldri,

Dagvinnulaun, allir svarendur	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórðungs- frávik (25%)	Miðgildi	Efri fjórðungs- frávik (75%)
<b>Heild</b>	739	193.692	72.732	156.037	186.144	224.000
<b>Kyn</b>						
Karlf	229	204.515	79.884	162.729	190.000	236.744
Kona	510	188.832	68.812	151.550	183.572	222.459
<b>Aldur*</b>						
20 ára og yngri	14	77.030	50.733	31.053	67.160	112.000
21 til 30 ára	91	153.560	80.400	79.440	168.171	198.139
31 til 40 ára	130	205.355	73.008	156.037	191.943	258.866
41 til 50 ára	171	206.107	70.168	163.166	194.561	236.744
51 til 60 ára	208	203.390	64.985	159.974	189.107	223.950
61 eða eldri	125	190.722	62.745	162.729	181.088	207.055

\* Marktaekur munur er á meðaltölum hópa;  $p < 0.05$

menntun, starfsstétt og starfsvettvangi. Einstakir launaliðir voru reiknaðir á grundvelli þeirra sem á annað borð fengu einhverjar greiðslur í þeim launalið. Þeir sem fengu engar greiðslur voru ekki teknir með í útreikninga því það hefði orsakað mjög lágar tölur þar sem margir höfðu engar greiðslur í sumum launaliðum. Því er mismunandi fjöldi svara á bak við hvern launalið. Launaupplýsingar eru ekki gefnar upp í töflum ef færri en þrír starfsmenn standa á bak við meðaltal til að vernda persónuupplýsingar.

*Meðaltal* launa gefur mikilvægar upplýsingar um kjör, en hins vegar segja meðallaunin ekki til um hvernig launin dreifast innan hópa, til að mynda innan hvernar starfsstéttar eða innan starfsvettvangs. Til að bæta úr því eru gefnar upplýsingar um staðalfrávik og miðgildi sem ásamt fjórðungsfrávikum (25% og 75% mörk) sýna á

hvaða bili launin dreifast. *Staðalfrávik* segja okkur hvernig dreifing svaranna er í kringum meðaltalið. Því stærra sem staðalfrávikin er, því meira dreifast launin. Ef staðalfrávikin er hinsvegar lítið þýðir það að laun margra hafa verið svipuð meðaltalinu. *Miðgildi* launa sýnir þá tölu sem helmingur svarenda liggur fyrir neðan og helmingur fyrir ofan. Til dæmis má sjá í töflunni hér að ofan að helmingur kvenna er með hærri dagvinnulaun en 183.572 kr. og helmingur með lægri dagvinnulaun en 183.572 kr. Neðri *fjórðungsfrávik* segja okkur að sá fjórðungur kvenna sem er með lægst laun er með undir 151.550 kr. á mánuði, en efri fjórðungsfrávik segja okkur að sá fjórðungur sem er með hæstu launin er með yfir 222.459 kr. á mánuði. Þegar meðaltalið er hærra en miðgildið sýnir það að launadreifingin er með þeim hætti að tiltölulega fámennur hópur fólks hefur há laun miðað við hópinn í heild en það dregur meðaltalið upp miðað við miðtöluna.

Marktektarprófin *t-próf* og *dreifigreining* (ANOVA) voru notuð til þess að greina hvort tölfræðilega marktækur munur væri á meðaltölum mismunandi hópa. Þegar *marktækur munur* er á meðaltölum einhverra hópa (t.d. ef karlar og konur hafa marktækt ólík laun) er það stjórnumerkt. Marktækur munur  $p < 0,05$  þýðir að 5% eða minni líkur eru á því að munur á meðaltölunum sé kominn til af tilviljun. Með öðrum orðum; við getum sagt með 95% vissu að munur sem birtist á meðaltölum í úrtakinu sé einnig til staðar hjá öllum félagsmönnum og að sá munur sem við fáum í okkar úrtaki sé engin tilviljun. Þegar munurinn er ekki marktækur þýðir það að við getum ekki fullyrt með 95% vissu að laun þessara hópa séu ólík meðal allra félagsmanna.

**Launatöflur eftir kyni** sýna meðallaun karla og kvenna og fjöldatölur á bak við meðaltalið, skipt eftir aldri, starfsaldri, menntun, starfsstétt og starfsvettvangi. Einnig sýna þessar töflur þann *hlutfallsmun* sem er á launum kynjanna. Þar eru laun kvenna reiknuð sem hlutfall af launum karla.

Eins og sjá má í dæminu hér til hliðar eru t.a.m. dagvinnulaun kvenna 97% af dagvinnulaunum karla og konur sem eru 61 árs eða eldri eru með 86% af launum karla í sama aldursflokki.

Dagvinnulaun, starfsfólk í fullu starfi	Karlar		Konur		Munur
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	kvk/kk
<b>Heild</b>	225.504	192	218.203	330	97%
<b>Aldur</b>					
20 ára og yngri	.	0	133.347	3	
21 til 30 ára	216.066	14	207.985	34	96%
31 til 40 ára	219.899	29	244.735	59	111%
41 til 50 ára	232.517	42	228.160	86	98%
51 til 60 ára	227.232	66	215.158	91	95%
61 eða eldri	222.727	41	191.139	57	86%
<b>Starfsaldur</b>					
5 ár eða styttra	214.544	64	209.844	132	98%
5,1-10 ár	215.235	59	221.583	65	103%
0,1 ár eða lengur	244.452	69	225.318	131	92%
<b>Menntun</b>					
Grunnskóli eða minna	198.963	46	189.282	108	95%

**Tölur fyrir viðhorfasurningar** sýna hlutföll, fjölda svara og staðalfrávik skipt niður eftir bakgrunnspáttunum kyni, aldri, starfsaldri, menntun, starfsstétt og starfsvettvangi. Í tölunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Á hægri hlið nokkurra taflna má einnig sjá stöplarit. Það sýnir meðaltal svara hvers hóps á kvarðanum 1-5. Meðaltalið sýnir hve jákvæð eða neikvæð afstaða svarenda er að jafnaði. Því nær 1 sem meðaltalið

Eru lífskjör betri, svipuð eða verri en fyrir 12 mánuðum síðan	Mun verri (1)	Heldur verri (2)	Svipuð (3)	Heldur betri (4)	Mun betri (5)	Fjöldi svara	Staðalfrávik	Meðaltal
<b>Heild</b>	4%	10%	63%	17%	5%	812	0,8	3,1
<b>Kyn *</b>								
Karl	3%	9%	61%	18%	8%	269	0,8	3,2
Kona	5%	10%	64%	17%	4%	543	0,8	3,0
<b>Aldur *</b>								
20 ára og yngri	0%	6%	39%	28%	28%	18	0,9	3,8
21 til 30 ára	3%	7%	50%	31%	9%	109	0,9	3,4
31 til 40 ára	3%	8%	68%	14%	6%	146	0,8	3,1
41 til 50 ára	4%	10%	65%	18%	3%	185	0,7	3,1
51 til 60 ára	5%	12%	65%	15%	3%	220	0,8	3,0
61 eða eldri	7%	10%	67%	11%	4%	134	0,8	3,0
<b>Starfsaldur *</b>								
5 ár eða styttra	5%	10%	55%	21%	9%	354	0,9	3,2
5,1-10 ár	6%	8%	64%	19%	2%	185	0,8	3,0
0,1 ár eða lengur	3%	11%	74%	10%	2%	270	0,6	3,0
<b>Menntun</b>								
Grunnskóli eða minna	5%	9%	63%	17%	6%	233	0,8	3,1
Starfsnám	8%	11%	65%	14%	3%	80	0,8	2,9

\* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; p < 0,05

er, því neikvæðari er afstaðan en því nær 5 sem meðaltalið er, því jákvæðari er afstaðan. Þegar marktækur munur er á meðaltölum einhverra hópa (t.d. ef karlar og konur hafa marktækt ólíka skoðun) er það stjórnumerkt. *Kí-kvaðrat* var beitt til að athuga hvort marktækan munur var að finna á hlutföllum.



## 1. BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR UM SVARENDUR

Konur voru 66,7% (558) svarenda og karlar 33,3% (278). Yngsti svarandinn var 16 ára og sá elsti 77 ára. Eins og sjá má í töflu 1 var aldursdreifing örlítið skekkt. Aðeins 20 svarendur voru 20 ára eða yngri, en flestir voru á aldrinum 51 til 60 ára. Ekki var munur á aldursdreifingu karla og kvenna. Meðalaldur allra svarenda var 46,4 ár (staðalfrávik = 13,4, miðgildi = 48 ár). Meðalaldur karla var 47,2 ár (staðalfrávik = 13,98) og kvenna 46,1 ár (staðalfrávik = 13,15). Ekki var marktækur munur á meðalaldri kynjanna.

**Tafla 1. Hlutfall karla og kvenna eftir aldri.**

	Karlar		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
20 ára og yngri	6	2,2	14	2,5	20	2,4
21 til 30 ára	40	14,4	73	13,1	113	13,5
31 til 40 ára	44	15,8	106	19,0	150	18,0
41 til 50 ára	58	20,9	130	23,3	188	22,5
51 til 60 ára	77	27,7	147	26,4	224	26,8
61 eða eldri	53	19,1	87	15,6	140	16,8
	278	100%	557	100%	835	100%

Tafla 2 sýnir tíðnidreifingu menntunar svarenda, skipt eftir kyni. Þriðjungur þeirra hafði lokið grunnskólanámi eða minna og tæpur fjórðungur hafði lokið grunnnámi í háskóla eða sambærilegu námi á háskólastigi (t.a.m. gamla kennaraprófið, gamla hjúkrunarprófið o.s.frv.). Þriðji stærsti hópurinn hafði lokið stúdentsprófi eða sambærilegu bóklegu framhaldsnámi. Marktækan mun var að finna á menntun kynjanna ( $\chi^2(5) = 102,81$ ,  $p < ,001$ ). Hlutfallslega fleiri karlar en konur voru með iðnmenntun en fleiri konur en karlar voru með grunnskólanám eða minna.

**Tafla 2. Hlutfall karla og kvenna eftir menntun svarenda.**

	Karlar		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Grunnskólanám eða minna	59	22,2	179	32,8	238	29,3
Starfsnám	16	6,0	66	12,1	82	10,1
Iðnmenntun / verklegt framhaldsnám	76	28,6	23	4,2	99	12,2
Bóklegt framhaldsnám	44	16,5	102	18,7	146	18,0
Háskólanám 3 ár eða styttra	55	20,7	141	25,9	196	24,2
Háskólanám á framhaldsstigi	16	6,0	34	6,2	50	6,2
Alls	266	100%	545	100%	811	100%

Tafla 3 sýnir tíðnidreifingu starfsstéttar svarenda, skipt eftir kyni. Starfsstétt er hér flokkuð samkvæmt Ístarf-95 flokkunarkerfinu. Fjölmennasti hópur svarenda vann við þjónustu, sölu og afgreiðslu. Í þennan hóp falla til að mynda skólaliðar og frístundaleiðbeinendur. Næstfjölmennasti hópurinn eru tæknar og sérmenntað starfsfólk (t.d. stuðningsfulltrúar). Nokkuð jöfn kynjaskipting er á milli starfsstétta með tveimur mikilvægum undantekningum. Langflestir sem störfuðu við skrifstofustörf eru konur en langflestir iðnaðar- og vélgæslumenn eru karlar. Marktækan munur er að finna á starfsstéttum kynjanna sökum þessa, ( $\chi^2(6)=106,1$ ;  $p < ,001$ ).

**Tafla 3. Hlutföll karla og kvenna eftir starfi, skv Ístarf 95 flokkun.**

	Karlar		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnendur	14	5,2	26	4,7	40	4,9
Sérfræðingar	48	17,8	97	17,6	145	17,7
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	57	21,1	160	29,1	217	26,5
Skrifstofustörf	13	4,8	105	19,1	118	14,4
Starfsfólk við þjónustu, sölu og afgreiðslu	85	31,5	146	26,5	231	28,2
Iðnaðarmenn og vélgæsla	43	15,9	4	0,7	47	5,7
Ófaglært starfsfólk	10	3,7	12	2,2	22	2,7
Alls	270	100%	550	100%	820	100%

Svarendur voru spurðir hversu lengi þeir höfðu starfað hjá stofnuninni eða fyrirtækinu sem þeir starfa hjá í sama eða sambærilegu starfi. Að meðaltali höfðu þeir starfað í 9,1 ár (staðalfrávik = 8,95; miðgildi = 6,2). Sá sem hafði lengstan starfsaldur hafði unnið í 52 ár, en stysti starfsaldur var 2 mánuðir. Tafla 4 sýnir tíðnidreifingu fyrir flokkaðan starfsaldur eftir kyni svarenda. Ekki var marktækur munur á starfsaldri eftir kyni.

**Tafla 4. Hlutfall karla og kvenna eftir starfsaldri.**

	Karlar		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
5 ár eða styttra	117	42,4	249	45,1	366	44,2
5,1-10 ár	74	26,8	113	20,5	187	22,6
10,1 ár eða lengur	85	30,8	190	34,4	275	33,2
Alls	276	100%	552	100%	828	100%

Í töflu 5 má sjá hvar svarendur könnunarinnar starfa. Langstærsti hópurinn starfar á Mennta- og leikskólasviði Reykjavíkurborgar en næst stærsti starfsvettvangurinn er Menningar-, íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar og Orkuveita Reykjavíkur.

**Tafla 5. Hlutföll karla og kvenna eftir flokkuðum starfsvettvangi.**

	Karlar		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnsýsla, rekstur, fjármál og borgarstjórn	20	7,2	55	9,9	75	9,0
Mennta- og leikskólasvið	55	19,8	206	37,1	261	31,3
Framkvæmd, umhverfi og skipulag	22	7,9	17	3,1	39	4,7
Menning, íþróttir og tómstundir	53	19,1	105	18,9	158	18,9
Velferðasvið	7	2,5	24	4,3	31	3,7
Störf hjá ríkinu, t.d. LSH	5	1,8	63	11,3	68	8,2
Orkuveita Reykjavíkur	60	21,6	56	10,1	116	13,9
Strætó bs	38	13,7	6	1,1	44	5,3
Ýmsir smærri vinnustaðir	18	6,5	24	4,3	42	5,0
Alls	278	100%	556	100%	834	100%

Tafla 6 sýnir að fleiri karlar en konur voru í fullri vinnu. Rétt um 35% kvenna var í hlutastarfi, en aðeins rúm 15% karla. Þessi munur er marktækur ( $\chi^2(2) = 56,54$ ;  $p < ,001$ ). Meðalstarfshlutfall þeirra sem voru í hlutastarfi var 64,5% (miðgildi 70%, hæsta gildi 97%, lægsta gildi 6%).

**Tafla 6. Hlutföll karla og kvenna eftir starfshlutfalli.**

	Karlar		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Fullu starfi (100%)	230	83,6	358	64,5	588	70,8
Hlutastarfi	42	15,3	195	35,1	237	28,6
Er ekki í ákveðnu starfshlutfalli	3	1,1	2	0,4	5	0,6
Alls	275	100%	555	100%	830	100%

## 2. LAUN OG GREIÐSLUR

Tafla 7.

Heildarlaun, svarendur í fullu starfi	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórðungs- frávik (25%)	Miðgildi	Efri fjórðungs- frávik (75%)
<b>Heild</b>	522	317.880	120.525	234.496	286.145	387.326
<b>Kyn</b>						
Karl	192	377.749	138.010	277.249	350.000	456.464
Kona	330	283.047	92.937	213.229	267.354	334.052
<b>Aldur *</b>						
20 ára og yngri	3	153.843	68.263	76.369	180.000	205.159
21 til 30 ára	48	273.719	88.703	215.550	244.940	325.190
31 til 40 ára	88	348.333	117.846	265.359	331.255	425.706
41 til 50 ára	128	323.756	107.554	254.704	298.302	392.465
51 til 60 ára	157	319.425	128.280	232.887	292.498	382.873
61 eða eldri	98	307.034	131.304	214.755	272.882	376.796
<b>Starfsaldur *</b>						
5 ár eða styttra	196	279.688	89.355	216.516	267.401	332.779
5,1-10 ár	125	337.403	120.286	253.542	317.883	416.802
10,1 ár eða lengur	199	342.840	137.108	245.566	307.783	422.132
<b>Menntun *</b>						
Grunnskóli eða minna	155	279.480	109.725	205.268	264.858	310.302
Starfsnám	49	284.906	122.761	201.611	257.752	300.872
Iðnmenntun / verklegt framhaldsnám	73	342.679	131.579	264.688	317.737	421.917
Bóklegt framhaldsnám	68	306.015	104.073	233.395	275.948	369.106
Háskólapróf 3 ár eða styttra	125	346.566	111.900	258.340	320.339	424.458
Háskólanám á framhaldsstigi	38	392.506	111.332	308.000	381.229	467.237
<b>Starfsstétt *</b>						
Stjórnendur	35	424.381	117.386	320.339	422.132	500.000
Sérfræðingar	116	382.230	100.181	306.444	373.727	458.654
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	106	303.564	135.754	220.982	260.975	348.905
Skrifstofufólk	80	271.543	87.795	215.357	254.212	296.883
Starfsfólk við þjónustu, sölu og afgreiðslu	120	255.507	91.364	180.544	242.151	307.647
Iðnaðarmenn	3	332.404	85.811	271.643	295.000	430.568
Véla- og vélgæslufólk	38	355.745	131.704	275.402	313.561	416.802
Ófaglært starfsfólk	16	296.876	63.081	275.249	278.422	325.539
<b>Starfsvettvangur *</b>						
Stjórnsýsla, rekstur, fjármál og skrifst. borgarstj.	55	318.314	102.680	251.668	294.142	371.125
Mennta- og leikskólasvið	140	243.819	79.097	181.088	229.147	281.777
Ýmsir smærri vinnustaðir	30	415.634	187.583	281.383	357.907	491.814
Framkvæmd, umhverfi og skipulag	34	368.773	158.133	237.748	351.426	451.000
Menning, íþróttir og tómstundir	82	346.180	109.347	265.117	330.673	413.279
Velferðasvið	17	307.635	88.342	228.583	312.271	335.357
Í störfum hjá ríkinu (Landspítala)	42	308.688	102.120	201.726	312.267	388.175
Orkuveita Reykjavíkur	83	352.892	111.638	267.595	305.722	431.959
Strætó bs	38	347.753	100.939	276.498	313.561	416.802

\* Marktækur munur er á meðaltölum hópa;  $p < 0.05$

Tafla 8.

Heildarlaun, Allir svarendur	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórðungs- frávik (25%)	Miðgildi	Efri fjórðungs- frávik (75%)
<b>Heild</b>	745	269.459	130.665	173.178	253.786	335.666
<b>Kyn</b>						
Karl	231	339.173	156.270	240.000	312.481	440.000
Kona	514	238.128	103.154	162.904	225.361	296.611
<b>Aldur *</b>						
20 ára og yngri	15	103.293	61.278	50.448	80.147	145.800
21 til 30 ára	94	196.492	107.576	120.884	189.593	246.528
31 til 40 ára	131	289.905	134.577	169.492	267.894	379.585
41 til 50 ára	171	282.305	120.332	189.360	274.000	347.914
51 til 60 ára	209	285.780	130.339	191.896	269.821	336.972
61 eða eldri	125	277.982	132.040	193.207	250.561	318.234
<b>Starfsaldur *</b>						
5 ár eða styttra	322	223.168	106.834	142.186	215.489	284.292
5,1-10 ár	169	290.050	132.379	187.071	275.238	367.667
10,1 ár eða lengur	252	314.105	138.015	215.178	281.251	392.487
<b>Menntun *</b>						
Grunnskóli eða minna	218	240.264	114.895	163.166	227.839	285.397
Starfsnám	73	246.572	119.803	165.612	216.377	280.260
Lønmenntun / verklegt framhaldsnám	82	323.310	136.986	233.617	306.311	407.170
Bóklegt framhaldsnám	127	228.340	125.112	138.812	213.844	312.401
Háskólapróf 3 ár eða styttra	180	294.516	127.318	202.425	274.984	366.186
Háskólanám á framhaldsstigi	48	346.060	139.660	274.903	334.412	425.974
<b>Starfsstétt *</b>						
Stjórnendur	38	413.215	121.726	313.231	412.604	484.370
Sérfræðingar	139	354.223	115.197	280.000	340.000	440.000
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	191	234.184	131.208	151.994	204.406	273.000
Skrifstofufólk	108	243.044	94.077	181.713	233.838	280.117
Starfsfólk við þjónustu, sölu og afgreiðslu	194	208.815	100.814	139.533	191.363	268.445
Lönaðarmenn	3	332.404	85.811	271.643	295.000	430.568
Véla- og vélgæslufólk	41	349.427	135.188	275.352	310.302	416.802
Ófaglært starfsfólk	20	279.520	78.723	258.589	278.186	308.818
<b>Starfsvettvangur *</b>						
Stjórnsýsla, rekstur, fjármál og skrifst. borgarstj.	66	292.733	112.821	231.512	275.809	334.052
Mennta- og leikskólasvið	238	203.887	81.438	148.500	180.544	246.528
Ýmsir smærri vinnustaðir	34	388.838	191.588	257.921	337.899	486.243
Framkvæmd, umhverfi og skipulag	36	363.783	155.579	234.743	343.486	449.953
Menning, íþróttir og tómstundir	137	264.816	139.853	151.178	261.858	347.914
Velferðasvið	30	240.055	118.478	125.000	224.783	330.176
Í störfum hjá ríkinu (Landspítala)	62	273.392	105.517	187.464	265.436	348.936
Orkuveita Reykjavíkur	99	321.125	129.391	255.022	281.911	413.576
Strætó bs	42	337.236	110.648	275.352	309.795	416.802

\* Marktækur munur er á meðaltölum hópa;  $p < 0.05$

Tafla 9.

Dagvinnulaun, svarendur í fullu starfi	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórðungs- frávik (25%)	Miðgildi	Efri fjórðungs- frávik (75%)
<b>Heild</b>	522	220.889	61.290	178.412	204.024	248.250
<b>Kyn</b>						
Karl	192	225.504	67.553	181.088	203.994	253.523
Kona	330	218.203	57.268	175.775	204.069	247.558
<b>Aldur *</b>						
20 ára og yngri	3	133.347	55.451	69.319	165.000	165.722
21 til 30 ára	48	210.342	53.034	180.926	196.388	240.505
31 til 40 ára	88	236.550	62.092	183.321	226.426	274.811
41 til 50 ára	128	229.590	60.951	184.403	216.512	266.720
51 til 60 ára	157	220.234	60.716	181.088	206.500	233.245
61 eða eldri	98	204.354	60.066	168.097	188.454	213.617
<b>Starfsaldur *</b>						
5 ár eða styttra	196	211.379	57.454	165.722	203.557	236.744
5,1-10 ár	124	218.563	55.001	179.540	202.487	243.899
10,1 ár eða lengur	200	231.919	67.093	186.062	209.921	270.690
<b>Menntun *</b>						
Grunnskóli eða minna	154	192.174	39.886	166.938	186.031	211.843
Starfsnám	49	192.070	29.832	171.984	186.561	207.054
Lønmenntun / verklegt framhaldsnám	74	214.308	52.787	186.000	203.994	229.000
Bóklegt framhaldsnám	68	206.561	47.217	171.955	195.190	234.995
Háskólapróf 3 ár eða styttra	125	257.180	63.936	210.206	247.666	304.930
Háskólanám á framhaldsstigi	38	301.216	69.966	243.299	295.984	349.671
<b>Starfsstétt *</b>						
Stjórnendur	35	301.839	61.504	243.299	295.984	343.502
Sérfræðingar	116	271.426	59.790	222.459	259.461	308.753
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	105	216.887	48.490	186.062	208.000	229.899
Skrifstofufólk	80	199.654	33.756	181.591	194.561	214.936
Starfsfólk við þjónustu, sölu og afgreiðslu	121	183.079	33.733	160.754	170.618	203.994
Lönaðarmenn	3	213.611	36.599	185.000	200.980	254.853
Véla- og vélgæslufólk	38	180.612	14.497	175.775	180.886	186.561
Ófaglært starfsfólk	16	162.368	12.530	157.995	162.729	166.294
<b>Starfsvettvangur *</b>						
Stjórnsýsla, rekstur, fjármál og skrifst. borgarstj.	55	237.593	62.247	195.169	216.512	283.055
Mennta- og leikskólasvið	140	200.392	49.706	165.612	191.100	219.760
Ýmsir smærri vinnustaðir	30	243.037	56.352	203.119	228.902	266.691
Framkvæmd, umhverfi og skipulag	33	236.467	70.286	175.814	219.760	291.611
Menning, íþróttir og tómstundir	82	245.831	64.122	192.200	247.666	291.611
Velferðasvið	18	238.386	53.001	192.284	237.717	287.301
Í störfum hjá ríkinu (Landspítala)	42	233.118	74.875	177.182	208.736	303.000
Orkuveita Reykjavíkur	83	213.318	61.484	186.000	194.561	222.459
Strætó bs	38	182.946	19.083	175.775	181.088	186.561

\* Marktækur munur er á meðaltölum hópa;  $p < 0.05$

Tafla 10.

Dagvinnulaun, Allir svarendur	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórðungs- frávik (25%)	Miðgildi	Efri fjórðungs- frávik (75%)
<b>Heild</b>	739	193.692	72.732	156.037	186.144	224.000
<b>Kyn</b>						
Karl	229	204.515	79.884	162.729	190.000	236.744
Kona	510	188.832	68.812	151.550	183.572	222.459
<b>Aldur *</b>						
20 ára og yngri	14	77.030	50.733	31.053	67.160	112.000
21 til 30 ára	91	153.560	80.400	79.440	168.171	198.139
31 til 40 ára	130	205.355	73.008	156.037	191.943	258.866
41 til 50 ára	171	206.107	70.168	163.166	194.561	236.744
51 til 60 ára	208	203.390	64.985	159.974	189.107	223.950
61 eða eldri	125	190.722	62.745	162.729	181.088	207.055
<b>Starfsaldur *</b>						
5 ár eða styttra	317	173.390	74.096	128.755	167.979	214.000
5,1-10 ár	167	196.355	63.155	160.256	186.000	226.402
10,1 ár eða lengur	253	217.369	69.919	173.178	198.010	250.599
<b>Menntun *</b>						
Grunnskóli eða minna	216	171.979	51.485	151.835	173.178	194.561
Starfsnám	73	174.164	41.387	153.627	175.775	193.739
Lønmenntun / verklegt framhaldsnám	83	204.537	57.778	173.216	195.084	223.056
Bóklegt framhaldsnám	123	160.210	69.837	120.226	162.729	200.980
Háskólapróf 3 ár eða styttra	179	225.157	79.768	172.349	220.000	282.360
Háskólanám á framhaldsstigi	48	270.165	96.403	212.747	287.364	348.655
<b>Starfsstétt *</b>						
Stjórnendur	38	294.405	66.277	236.744	293.798	338.500
Sérfræðingar	138	257.778	68.880	216.512	250.935	300.490
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	188	180.068	62.853	139.620	181.167	214.936
Skrifstofufólk	107	181.000	47.253	156.037	188.055	205.000
Starfsfólk við þjónustu, sölu og afgreiðslu	193	152.958	54.726	122.375	160.754	186.000
Lönaðarmenn	3	213.611	36.599	185.000	200.980	254.853
Véla- og vélgæslufólk	41	174.903	25.115	175.775	178.412	186.561
Ófaglært starfsfólk	20	156.095	25.991	157.013	162.729	164.771
<b>Starfsvettvangur *</b>						
Stjórnsýsla, rekstur, fjármál og skrifst. borgarstj.	66	220.345	71.371	181.088	213.360	251.271
